

**KÖTLUVIKUR EHF.**

**VIKURNÁM Á MÝRDALSSANDI,  
MÝRDALSHREPPI**

**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM**

**Tillaga að matsáætlun**

<b>1</b>	<b>INNGANGUR.....</b>	<b>2</b>
1.1	LEYFISVEITINGAR OG TÍMAÁÆTLANIR .....	2
<b>2</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING .....</b>	<b>3</b>
2.1	ALMENNT UM VIKUR OG VIKURNÁM .....	3
2.2	FYRIRHUGAÐ VIKURNÁM Á MÝRDALSSANDI.....	3
2.2.1	Tilgangur og markmið.....	3
2.2.2	Framkvæmdasvæði.....	3
2.2.3	Rekstur námusvæðis.....	4
2.2.4	Vinnubúðir og starfsmenn.....	4
2.2.5	Flutningar og flutningsleiðir.....	4
2.3	VERKSMÍÐJA Í VÍK Í MÝRDAL .....	5
2.4	AÐRIR KOSTIR - NÚLLKOSTUR .....	6
<b>3</b>	<b>MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM-VINSUN.....</b>	<b>7</b>
3.1	INNGANGUR .....	7
3.2	AÐFERÐIR .....	7
3.3	NÁTTÚRUFAR Á SVÆÐINU .....	7
3.3.1	Landslag og sjónrænir þættir.....	7
3.3.2	Jarðfræði.....	8
3.3.3	Gróðurfar .....	9
3.3.4	Dýralíf .....	9
3.3.5	Náttúruvá.....	10
3.4	SAMFÉLAG .....	11
3.4.1	Skipulag og landnotkun.....	11
3.4.2	Landeigendur.....	11
3.4.3	Verndarsvæði og fornminjar .....	11
3.4.4	Íbúa- og atvinnuþróun á svæðinu .....	11
3.4.5	Samgöngur og umferð .....	12
3.4.6	Ferðaþjónusta og útivist .....	12
<b>4</b>	<b>GÖGN OG HEIMILDIR.....</b>	<b>14</b>
4.1	FYRIRLIGGJANDI HEIMILDIR .....	14
4.2	FYRIRHUGAÐAR ATHUGANIR Á SVÆÐINU .....	14
<b>5</b>	<b>KYNNING OG SAMRÁÐ.....</b>	<b>16</b>
5.1	TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN .....	16
5.2	MATSSKÝRSLA .....	16

# 1 INNGANGUR

Árið 1998 var stofnað hlutafélag, Kötluvikur ehf., sem hefur það að markmiði að undirbúa nám Kötluvikurs á Mýrdalssandi til iðnaðarframleiðslu.

Samhliða vikurnámi er fyrirhugað að reisa verksmiðju í Vík í Mýrdal þar sem vikurinn verður þurrkaður og þaninn, í þar til gerðum ofnum, og hann flokkaður eftir kornastærð og komið fyrir í sekkjum fyrir erlendan markað.

Fyrirhugað vikurnám fellur undir 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 1. viðauka, lið 21 og er þar af leiðandi matsskyld framkvæmd. Tillaga þessi er unnin í samræmi við ofangreind lög ásamt reglugerð nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Eins er tekið mið af lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs.

Hér á eftir er stutt kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Staðháttum á framkvæmdasvæði er lýst, svo og helstu umhverfis- og skipulagsþáttum. Stuttlega er greint frá rannsóknnum sem gerðar hafa verið á svæðinu og þeim athugunum sem gerðar verða í tengslum við matsvinnuna. Í lokin verður farið yfir hvernig kynningu og samráði var háttáð við gerð tillögu að matsáætlun og hvernig því verður háttáð við gerð matsskýrslu.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði má sjá á korti 1 hér að aftan.

## 1.1 Leyfisveitingar og tímaáætlanir

Fyrirhugað er að hefjast handa við vikurnám þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Auk þess að vera háð mati á umhverfisáhrifum er fyrirhugað efnisnám háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Fyrirhuguð verksmiðja er háð starfsleyfi. Þá er allt jarðefnanám og úrvinnsla jarðefna sem og vinnubúðir, háðar starfsleyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Upphaf vikurnáms er háð uppbyggingu verksmiðjuhúsnaðis ásamt því sem áætlað er að fjármagnsöflun og markaðssetning vörunnar taki nokkurn tíma. Áætlað er að vinnsla á vikri og útflutningur geti hafist eigi síðar en á vordögum árið 2003.

Með tillögu að matsáætlun er hafið matsferli þar sem stefnt er að því að tímaáætlanir verði eftirfarandi:

Tillaga að matsáætlun til Skipulagsstofnunar	desember 2001
Niðurstaða Skipulagsstofnunar	janúar 2001
Matsskýrsla til Skipulagsstofnunar	febrúar 2002
Frestur almennings til athugasemda	mars 2002
Úrskurður Skipulagsstofnunar	apríl 2002

## 2 FRAMKVÆMDALÝSING

### 2.1 Almennt um vikur og vikurnám

Á sjöunda áratug 20. aldar hófst fyrir alvöru markviss útflutningur vikurs frá Íslandi. Áður hafði vikur verið nýttur að einhverju leyti í gerð hellna og hleðslusteina eða frá fjórða áratug aldarinnar. Vinnsla og útflutningur vikurs hefur verið misjafnlega mikill síðan hafist var handa en hin síðari ár hefur hlutfall vikurs í útflutningsverðmæti landsins verið nokkuð stöðugt. Vinnsla á vikri hefur að megninu til verið úr Heklu og Snæfellsjökli. Vikur úr Kötlu hefur ekki verið nýttur til þessa en hann er öðruvísi að gerð en vikur frá hinum stöðunum sem gerir það að verkum að eðliseiginleikar eru ekki þeir sömu. Kötluvikur er dökkur basaltvikur en vikur úr Heklu og Snæfellsjökli er ljós líparítvikur. Árið 1994 skipaði þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, starfshóp um vinnslu og nýtingu vikurs og skilaði starfshópurinn greinargerð í mars 1995. Hlutverk hópsins var að meta lög og reglur sem vikurvinnslan lýtur, nýtingu efnisnáma sem þá voru í vinnslu og fullvinnslumöguleika fyrir byggingariðnaðinn.

Í matsskýrslu verður fjallað nánar um vikur og vikurnám og verður greinargerð starfshópsins lögð til grundvallar þeirri umfjöllun.

### 2.2 Fyrirhugað vikurnám á Mýrdalssandi

#### 2.2.1 Tilgangur og markmið

Með vikurnámi á Mýrdalssandi og verksmiðjurekstri í Vík í Mýrdal er markmið framkvæmdaraðila að nýta áður ónýtta náttúruauðlind, sem Kötluvikurinn er, til iðnaðarframleiðslu og fjölmargra annarra nota s.s. landbúnaðar.

#### 2.2.2 Framkvæmdasvæði

Staðsetning fyrirhugaðrar námu á Mýrdalssandi er sýnd á kortum 1 og 2 hér að aftan. Sótt er um leyfi fyrir allt að 200.000 m<sup>3</sup> vinnslu á ári. Nákvæmari staðsetning verður gefin upp í matsskýrslu í samræmi við reglugerð nr. 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs, þegar búið verður að taka mið af öllum athugunum á framkvæmdasvæðinu. Námusvæðið, gjarnan nefnt Háalda, er mjög vel afmarkað frá náttúrunnar hendi. Það stendur mun hærra en aðliggjandi svæði, einkum nyrsti hluti öldunnar, og nær jafnframt yfir mjög stórt svæði. Á korti 1 er námusvæðinu skipt í þrjá hluta eftir vinnsluröð. Til þess að sýna fram á um hversu mikið magn er að ræða er áætlað, miðað við 200.000 m<sup>3</sup> vikurvinnslu á ári, að hægt yrði að nýta svæðin að öllu óbreyttu í rúm 550 ár. Í töflu 1 má sjá hversu mikið magn gæti mögulega fengist úr hverju svæði fyrir sig.

**Tafla 1** Möguleg nýting vinnslusvæða.

Svæði nr.	Flatarmál km <sup>2</sup>	Vinnsludýpi m	Magn m <sup>3</sup>	Áætluð ending (ár)
1	5,5	10	55.000.000	220
2	4,5	10	45.000.000	180
3	5,5	7,5	41.250.000	165
		<b>Samtals</b>	146.000.000	565

Forsendur: Framleiðsla – 200.000 m<sup>3</sup>/ári  
 Nýting – 80%  
 Óunnin rúmþyngd – 0,85 t/m<sup>3</sup>  
 Magn miðað við óunna þyngd í námu – 136.000 t/ári  
 Unnin rúmþyngd – 0,5 t/m<sup>3</sup>

### 2.2.3 Rekstur námusvæðis

Vinnsla á vikri fer yfirleitt þannig fram að í fyrstu er foksandi ýtt ofan af vikrinum og vikrinum síðan mokað upp á flutningabíla. Í þessu tilviki virðist ekki vera þörf á því að fjarlægja foksand ofan af vikrinum þar sem hann er yfirleitt mjög hreinn og er lítill sem enginn foksandur í efsta laginu. Þegar vikrinum hefur verið keyrt til verksmiðju er hann flokkaður eftir kornastærð. Gert er ráð fyrir að efni sem ekki nýtist í verksmiðju verði um 20 % af heildarmagninu sem flytja þarf til verksmiðju. Í stað þess að flytja efnið aftur til námunnar eru uppi hugmyndir um að nýta afgangsefnið til vinnslu á steinflisum og verður það athugað nánar. Frágangi á námusvæðum verður hagað á þann hátt sem lýst er í reglugerð 514/1995 um vinnslu og nýtingu vikurs og lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Við námuvinnsluna verða notuð hefðbundin tæki til flutninga og ámoksturs. Olía verður sett á tæki á staðnum og verður þess gætt að olía berist ekki í jarðveg.

### 2.2.4 Vinnubúðir og starfsmenn

Gert er ráð fyrir að settur verði upp færanlegur vinnuskúr á framkvæmdasvæðið. Þar verður aðstaða fyrir starfsmenn og er líklegt að 5-6 starfsmenn verði þar að staðaldri í þá tæplega 220 daga sem vinnsla stendur yfir á ári. Hreinlætisaðstaða fyrir starfsmenn verður í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öllu sorpi verður ekið á viðurkennda móttökustaði í nágrenninu.

### 2.2.5 Flutningar og flutningsleiðir

Flutningabílar með 20 m<sup>3</sup> flutningsgetu verða notaðir til þess að flytja vikurinn til fyrirhugaðrar verksmiðju eða um 17 km vegalengd. Miðað við 50.000 tonna verksmiðjuframleiðslu á ári má gera ráð fyrir að flytja þurfi til

verksmiðjunnar 62.500 tonn af vikri á hverju ári. Áætluð rúmþyngd vikurs úr námu er um  $1000 \text{ kg/m}^3$  og er þá gert ráð fyrir að vikurinn sé rakur. Hver bíll tekur því að jafnaði um 20 tonn í hverri ferð og miðað við áætluð afköst verksmiðjunnar þyrfti um 3000 ferðir á ári. Ef frá eru teknar helgar, almennir frídagar og mögulegir óveðursdagar má áætla mjög gróflega á þessu stigi að hægt verði að nema vikur í um 220 daga á ári. Miðað við þann dagafjölda yrðu farnar að jafnaði um 13 ferðir á dag frá fyrirhugaðri námu að verksmiðju.

Eftir að vikrinum hefur verið pakkað í fyrirhugaðri verksmiðju verður hann fluttur í stórum gámaflutningabílum til útskipunarhafnar. Miðað við mestu framleiðslu verksmiðju má gera ráð fyrir að flytja þurfi 10-12 gáma á dag frá verksmiðju.

Fyrirhuguð náma liggur nokkuð utan þjóðveggar 1, Hringveggar. Gamli þjóðvegurinn liggur frá núverandi þjóðvegi 1 að Hafursey austanverðri, sjá kort 1. Þessi vegur yrði nýttur til vikurflutninga en þar sem hann er ekki greiðfær þungum flutningabifreiðum er mjög líklegt að hann verði malbikaður. Frá gamla þjóðveginum þarf svo að byggja upp vegspotta að fyrirhugaðri námu.

Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir vegabótum og vegagerð, t.d. efnisþörf vegna lagfæringa og gerð nýs vegspotta og hvaðan efnið verður tekið.

Vegagerðin bendir á að helstu hagsmunir þeirra liggi í að ekki verði gerðar breytingar á vatnsföllum sem renna undir gamla þjóðveginn, án samráðs við Vegagerðina.

Í matsskýrslu verður fjallað nánar um flutninga og flutningsleiðir og einnig verður gerð nánari grein fyrir endurbótum á núverandi vegum og gerð vegslóða vegna vikurnámsins og hvaðan efnið verður numið.

## 2.3 Verksmiðja í Vík í Mýrdal

Fyrirhugað er að reisa verksmiðju í Vík í Mýrdal. Vikrinum verður komið fyrir í hráefnisgeymslu undir þaki við verksmiðju. Síðan er vikurinn malaður, sigtaður eftir kornastærð og forþurrkaður í ofni. Eftir þurrkun er vikurinn þaninn út í þar til gerðum ofni. Að því loknu er hann stærðarflokkaður og honum því næst pakkað. Áætlað er að flytja vikurinn úr landi en ekki er ljóst hvaðan honum verður skipað út, en líklegast er þó að það verði frá Þorlákshöfn. Áætlað er að mestu nafnaköst verksmiðju verði 50.000 tonn/ári.

Tekið skal fram að allar líkur eru á að verksmiðjan verði byggð upp í þremur áföngum. Byrjað yrði á 15.000 t/ári framleiðslu því næst yrði stækkað í 30.000 t/ári og stefnt á að ná 50.000 t/ári framleiðslu að nokkrum árum liðnum. Allar tölur, sem birtar eru í þessari tillögu að matsáætlun og fjallað verður nánar um í matsskýrslu, sem tengjast fyrirhugaðri verksmiðju eru miðaðar við hámarksframleiðslu þ.e. 50.000 t/ári.

Mannaflapörf 50.000 t/ári verksmiðju er um 27 manns.

Við upphaf matsvinnunnar lá ekki ljóst fyrir hvort fyrirhuguð verksmiðja væri matsskyld. Að höfðu samráði við Skipulagsstofnun og Hollustuvernd ríkisins varð niðurstaðan sú að verksmiðjan sem slík væri ekki matsskyld en þó háð starfsleyfi. Í viðauka við matsskýrslu verður starfsemi fyrirhugaðrar verksmiðju lýst nánar. Umfjöllun um verksmiðju í matsskýrslu tengist verkefninu í heild sinni og verður gerð grein fyrir afleiddum áhrifum vikurnáms á Mýrdalssandi, þ.e. flutningar og störf í verksmiðju, á samfélagslega þætti sveitarfélaganna í kring.

## **2.4 Aðrir kostir**

### **2.4.1 Kostur 2**

Mögulegt er einnig að nema vikur á stóru svæði vestan Hjörleifshöfða, sjá kort 1. Að mati framkvæmdaraðila er það svæði þó ekki eins vel fallið til vinnslunnar og Háalda. Í matsskýrslu verður þessi kostur borinn saman við fyrsta kost framkvæmdaraðila sem lýst er hér að framan.

### **2.4.2 Núllkostur**

Í matsskýrslu verða kostir og gallar þess að fara út í fyrirhugaða vikurvinnslu bornir saman við það að gera ekki neitt, núllkost. Í þeim samanburði yrðu samfélagslegir þættir mest áberandi.

### **3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM-VINSUN**

#### **3.1 Inngangur**

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegast þykir að fyrirhugaðar framkvæmdir á Mýrdalssandi og starfsemi þeim tengdar koma til með að hafa áhrif á, jafnt jákvæð sem neikvæð áhrif. Fjallað er um aðferðir við vinsun áhrifaþátta og eins er núverandi ástandi á svæðinu lýst í stuttu máli. Getið er ábendinga sem bærust á undirbúningsstigi tillögu og hvernig tekið verður á þeim þáttum í matsskýrslu. Hvað varðar frekari umfjöllun um staðhætti og mat á umhverfisáhrifum er vísað í væntanlega umfjöllun í matsskýrslu.

#### **3.2 Aðferðir**

Við vinsun umhverfisþátta var notaður gátlisti, en með honum er unnt að draga út þá umhverfisþætti sem leggja þarf áherslu á í matsvinnunni. Til þess að gera sér frekari grein fyrir aðstæðum voru farnar vettvangsferðir á framkvæmdasvæði og eins var tekið mið af þeim ábendingum sem fram komu við kynningu á drögum að tillögu að matsáætlun.

#### **3.3 Náttúrufar á svæðinu**

##### **3.3.1 Landslag og sjónrænir þættir**

Eins og áður hefur komið fram er fyrirhugað námuvinnslusvæði tiltölulega vel afmarkað frá náttúrunnar hendi. Háaldan stendur yfirleitt um 10-15 m hærra en aðliggjandi svæði á sandinum, einkum norðurendi öldunnar norðan Hafurseyjar, sjá mynd 1.



**Mynd 1** Norðurendi Háöldu norðan Hafurseyjar.

Þar sem fyrirhugað efnisnám er í töluverðri fjarlægð frá mannabyggðum einkorðast umræðan um sjónræna þætti við hugsanleg áhrif á þá ferðamenn sem leið eiga um nálæg svæði hvort sem þeir eru fótgangandi, á hestum eða akandi.

### 3.3.2 Jarðfræði

Jarðlög á svæðinu einkennast af lausum jarðlögum eða vikri og er vikur á Mýrdalssandi til kominn vegna eldvirkni eldstöðvarinnar Kötlu í Mýrdalsjökli. Meginhluti vikursins hefur orðið til við hlaup tengd eldgosum í jöklinum og koma þau jafnan fram undan Kötlujökli. Þykkt vikurlagsins er mismikil á Mýrdalssandi en á því svæði sem fyrirhugað er að nema vikur, á Háöldu norðan og austan Hafurseyjar, er vikurlagið á annað hundrað metra þykkt niður á berggrunn og tæpir 30 m niður á grunnvatnsborð. Tölur þessar eru byggðar á jarðeðlisfræðilegum mælingum sem nánari grein verður gerð fyrir í matsskýrslu.

Í matsskýrslu verður fjallað um jarðfræði svæðisins út frá fyrirbyggjandi heimildum og verður sjónum einkum beint að Kötlu og Kötluhlaupum, og gerð og myndun berggrunns og setlaga á sandinum. Eins verður greint frá því, eins og Náttúruvernd ríkisins benti á í umsögn sinni, hvort þarna séu sérstakar jarðmyndanir sem vert væri að vernda og hvort vikurinn sem slíkur hafi verndargildi.

### 3.3.3 Gróðurfar

Fyrirhugað námusvæði er að stærstum hluta mjög lítt gróið. Meðfram Hafursey og í jöðrum vikuröldunnar er gróður nokkur þar sem ríkjandi eru dæmigerðar tegundir sem vaxa á melum og sandi. Meðfram gamla þjóðveginum hefur melgresi verið sáð beggja vegna vegar. Önnur yngri melsáning, um 3 km langt belti, liggur í ANA stefnu frá Fremrihvömmum austan Hafurseyjar, sjá kort 2. Hvoru tveggja hefur verið sáð í þeim tilgangi að hefna sandfok. Þá eru nokkrar sáningar syðst á fyrirhuguðu námasvæði vestan Blautukvíslar.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að rétt væri að gera gróðurlag af svæðinu og Landgræðsla ríkisins telur að gera verði yfirlitskort af svæðinu þar sem m.a. yrði sýndur styrkur gróðurþekju, gróðurgerðir og vaxtarsvæði helstu tegunda.

Í matsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir gróðurfari svæðisins eins og lýst er nánar í kafla 4.2 hér á eftir. Eftir vettvangsskoðun á svæðinu og fund með Náttúruvernd ríkisins telur framkvæmdaraðili að ítarleg gróðurlagning þjóni litlum tilgangi í þessari matsvinnu. Í matsskýrslu verður þess í stað gefið til kynna á loftmynd helstu fundarstaði gróðurs og hvar gróðurhula er að einhverju marki.

### 3.3.4 Dýralíf

Engar heimildir liggja fyrir um dýralíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í þeim vettvangsathugunum sem farnar hafa verið á svæðið hefur ekki orðið vart við fugla né önnur dýr en þess ber þó að geta að ferðirnar voru farnar að hausti.

Mýrdalshreppur bendir á í umsögn sinni um drög að tillögu að matsáætlun að árið 1988 hafi verið gerður samningur landeigenda Mýrdalssands og Landgræðslu ríkisins um landgræðslu og friðun sandsins fyrir búfé.

Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegt að fram fari athugun á dýralífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og að einkum verði gerð grein fyrir hvaða tegundir er þar að finna. Stofnunin telur einnig mikilvægt að athuganirnar fari fram að sumri.

Miðað við eðli svæðisins og upplýsingar frá staðkunnugum var ekki talið, við vinsun helstu áhrifaþátta, að þessi þáttur væri einn af þeim sem meta þyrfti sérstaklega. Engu að síður er nauðsynlegt að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig umhorfs er á svæðinu og ókostur að ekki skuli liggja fyrir neinar heimildir um það. Í matsskýrslu verður grafið fyrir um þennan þátt hjá staðkunnugum, sér í lagi hvað varðar fuglalíf. Eins verða skoðaðar rannsóknir sem gerðar voru vegna vikurnáms í Hekluhafí við Þjórsá en það ætti að gefa til kynna hvernig umhorfs er á sandinum upp að vissu marki enda um nokkuð sambærileg svæði að ræða.

### 3.3.5 Náttúruvá

#### *Veður*

Óhagstæð veðurskilyrði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði geta skapað viss vandkvæði við nám vikurs á Mýrdalssandi. Þar er einkum um að ræða mikil vatnsveður og sandrok. Einnig geta snjóalög sett strik í reikninginn. Af þessum sökum verður lögð áhersla á að hafa alltaf nægan aukaforða í hráefnisgeymslu verksmiðju, um 20.000m<sup>3</sup>, svo vinnsla hennar stöðvist ekki þegar ekki er hægt að nema vikur vegna veðurs. Í matsskýrslu verður farið yfir helstu upplýsingar er varða veðurfar á svæðinu og er líklegt að þær gefi hugmynd um hversu margir dagar á ári að meðaltali gætu orðið erfiðir námuvinnslunni.

#### *Kötlugos*

Allt frá því að Ísland byggðist hefur Katla gosið reglulega á 40-60 ára fresti og fylgja því gosi jafnan gríðarleg jökulhlaup undan Kötlujökli. Í umfjöllun um jarðfræði í matsskýrslu verður sett fram nánara yfirlit yfir sögu Kötluhlaupa. Nyrsti hluti fyrirhugaðs námusvæði á Háöldu er skammt frá þeim stað þar sem jökulhlaupin koma jafnan fram en stendur þó töluvert hærra í landi, sjá mynd 2. Það fer allt eftir krafti Kötlugosa hversu stór hlaup fylgja í kjölfarið, allt frá því að fylgja núverandi árfarvegum upp í að hylja allan Mýrdalssand. Í áhættugreiningu sem Almannavarnir ríkisins létu vinna, vegna hugsanlegs Kötlugoss, kemur fram að mestur líkur séu á að jökulhlaup fari á milli Hafurseyjar og Vatnsrásarhöfuðs (farvegur Múlakvíslar) þegar það brýst undan jöklinum við Höfðabrekkuafrétt, sjá mynd 2.



**Mynd 2** Horft frá Háöldu til vesturs þangað sem Múlakvísl kemur undan jöklinum sem er lengst til hægri.

Ómögulegt er að segja til um það hversu stórt næsta gos verður í Kötlu. Verði gosið stórt er ljóst að námusvæðið yrði í uppnámi sem og allar samgönguleiðir til og frá svæðinu. Því má segja að ef Katla lætur á sér kræla verður starfsmönnum fyrirhugaðrar námu gert að yfirgefa sandinn og yrði það gert í samræmi við séráætlun Almannaþingisins um viðbrögð við eldgosi í Kötlu. Nánar verður fjallað um þennan þátt í matsskýrslu.

### 3.4 Samfélag

#### 3.4.1 Skipulag og landnotkun

Ekki hefur verið unnið svæðisskipulag fyrir Mýrdalshrepp og nærliggjandi sveitarfélög. Núgildandi aðalskipulag nær einungis yfir þéttbýlið í Vík og nær yfir tímabilið 1975-1995. Samkvæmt upplýsingum frá Mýrdalshrepp er unnið að breytingu á gildandi aðalskipulagi fyrir Vík vegna verksmiðjulóðar. Einnig er að hefjast vinna við nýja aðalskipulagstillögu fyrir Mýrdalshrepp 2002-2022. Í nýju aðalskipulagi verður gert ráð fyrir fyrirhugaðri námuvinnslu og verksmiðju. Deiliskipulag verður unnið af námusvæði og verksmiðjusvæði samhliða matsvinnu.

Fjallað verður nánar um þennan þátt í matsskýrslu og hugsanlega staðsetningu verksmiðju.

#### 3.4.2 Landeigendur

Fyrirhuguð náma liggur innan Hjörleifshöfðalands. Eigendur þeirrar jarðar ásamt eigendum jarðanna Höfðabrekku og Reynisbrekku hafa stofnað með sér eignarhaldsfélag um vikurnám á þessum stað. Það félag á aðild að Kötluvíkri ehf. sem er framkvæmdaraðili þessa verks. Á korti 1 má sjá landamerki Hjörleifshöfðalands ásamt kröfulínu sem ríkið hefur nýverið sett fram í þeirri vinnu sem á sér stað við skilgreiningu á Þjóðlendum. Þjóðlendunefnd hefur gert kröfu í hluta námusvæðisins. Framkvæmdaraðili hefur staðfestingu stjórnvalda um að hugsanleg breytt eignaraðild að námusvæðinu muni ekki hafa áhrif á áform Kötluvíkurs um vikurnám.

#### 3.4.3 Verndarsvæði og fornminjar

Fyrirhuguð námusvæði er ekki innan neins verndarsvæðis og starfsemi í tengslum við það kemur ekki til með að hafa áhrif á nálæg verndarsvæði. Engar skráðar fornleifar á fornleifaskrá Þjóðminjasafns Íslands eru á eða í næsta nágrenni við fyrirhuguð framkvæmdasvæði.

#### 3.4.4 Íbúa- og atvinnuþróun á svæðinu

Íbúar í Mýrdal eru um 500 talsins og þar af búa um 300 í Vík sem er syðsta kaupþún landsins. Aðalatvinnuvegur Mýrdælinga í gegnum aldirnar hefur

verið landbúnaður þó svo að sú starfsgrein hafi verið nokkuð á undanhaldi hin síðari ár. Vík í Mýrdal byggir nokkuð á þjónustu við sveitirnar í kring en einnig hefur byggst þar upp lítilsháttar iðnaðarstarfsemi á síðustu árum. Á svæðinu hefur þróast töluvert öflug ferðaþjónusta sem skapast hefur í kringum fjölbreytt og stórbrotið landslag svæðisins.

Fyrirhugað er að vinna úttekt á samfélagslegum áhrifum námuvinnslu og verksmiðju í Vík í Mýrdal. Í þeirri úttekt verður áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda skilgreint. Eins verður þar gerð grein fyrir íbúáþróun og atvinnulífi á svæðinu og spáð fyrir um hugsanleg áhrif framkvæmda á þessa þætti samfélagsins.

### 3.4.5 Samgöngur og umferð

Eins og segir í framkvæmdalýsingu hér að framan og sést á kortum 1 og 2 liggur gamli þjóðvegurinn um Mýrdalssand austan Hafurseyjar. Vegurinn er nánast einbreiður og er hann fær fólksbílum. Vegalengdin frá fyrirhuguðu námusvæði niður á núverandi þjóðveg 1, Hringveg, er um 10 km. Sá vegur er mjög góður, tvíbreiður og með bundnu slitlagi. Frá gatnamótunum eru um 7 km að fyrirhugaðri verksmiðju í Vík í Mýrdal. Eins og sagt er frá í framkvæmdalýsingu munu að jafnaði 13 vörubifreiðar fara frá námum að verksmiðju á dag. Eins má gera ráð fyrir að 10-12 gámaflutningabifreiðar muni fara með fullunna vikursekki úr 50.000 t/ári verksmiðju daglega á meðan á vinnslu stendur og keyra að útskipunarhöfn.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps bendir á það í umsögn sinni að á síðustu árum hefur umferð flutningabíla aukist verulega í gegnum Víkurþorp í kjölfar minni sjóflutninga. Vegna þess leggur sveitarstjórnin áherslu á að metin verði áhrif verksmiðju á umferð og þá sérstaklega umferð flutningabíla í gegnum Víkurþorp. Hollustuvernd ríkisins bendir á að huga þurfi að fjarlægð íbúðarhúsa frá flutningaleiðum og verksmiðjunni og hættu á hávaða- og rykmengun vegna flutninganna við íbúðar- og útivistarsvæði.

Í matsskýrslu verða birtar núverandi umferðatölur frá Þjóðvegi 1 á Mýrdalssandi, í Vík og vestan Víkur. Þær tölur verða bornar saman við fyrirhugaða umferð vegna framkvæmdanna og hlutfallsleg aukning metin. Eins verður staðsetning verksmiðju sýnd á korti og þannig gert grein fyrir nálægð hennar við íbúðarhús og útivistarsvæði og metið hvort ástæða sé að ætla að hávaðastig komi til með að fara yfir viðmiðunarmörk á þessum svæðum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og hvort grípa þurfi til sérstakra mótvægisáðgerða.

### 3.4.6 Ferðaþjónusta og útivist

Helstu viðkomustaðir ferðamanna á svæðinu eru Dyrhólaey og ströndin suður af Vík í Mýrdal, Sólheimajökull og Vík í Mýrdal. Einnig er boðið upp á snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul. Ekki er mikið um að fólk leggi leið sína yfir Mýrdalssand á þeim slóðum þar sem fyrirhugað efnisnám er áætlað, en

nokkrar gönguleiðir eru í fjallendinu upp af Vík og einnig á Höfðabrekkuheiðum. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps bendir einnig á í umsókn sinni að í uppbyggingu er mjög sérstök ferðamannaþjónusta í Þakgili á Höfðabrekkuafretti.

Í matsskýrslu verður fjallað nánar um ferðaþjónustu og útivist á svæðinu og hvort fyrirhugað vikurnám komi á einhvern hátt til með að hafa áhrif á þessa þætti.

## 4 GÖGN OG HEIMILDIR

### 4.1 Fyrirliggjandi heimildir

Töluvert hefur verið unnið að rannsóknnum á Mýrdalssandi undanfarin ár í tengslum við hugsanlegt vikurnám á svæðinu.

- Á milli 1975 og 1980 var unnin nokkuð viðamikil rannsókn á Mýrdalssandi á vegum Jarðefnarannsóka hf. Fyrirtækið samanstóð af einu íslensku fyrirtæki og fjórum þýskum. Rannsóknir voru margþættar og fólust m.a. í kortlagningu á berggrunni og þykkt vikurlags, könnun á eiginleikum vikursins og mögulegri vinnslu ásamt því sem hugað var að hugsanlegum útflutningi. Í rannsóknunum urðu til mikilvæg grunn gögn sem koma sér vel fyrir þá matsvinnu sem nú fer í hönd.
- Mikið af heimildum eru til um gos úr Kötlu í gegnum tíðina og verða þær heimildir teknar saman í stutt yfirlit í matsskýrslu.
- Árið 1995 skilaði starfshópur skipaður af þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, greinargerð um vinnslu og nýtingu vikurs. Upplýsingar úr þeirri skýrslu verða nýttar í almenna umfjöllun um vikur og vikurnám í matsskýrslu.
- Á undanförmum árum hafa staðið yfir rannsóknir á eiginleikum Kötluvikurs. Meðal annars hafa verið rannsakaðir þenslueiginleikar vikursins og í framhaldi af því möguleg markaðssetning á vörunni. Hluti þeirra upplýsinga sem fengist hafa í nýjum rannsóknnum verða nýttar í matsvinnunni.
- Árið 1999 var unnið að áhættugreiningu fyrir Kötlu svæðið á vegum Almannavarna ríkisins. Niðurstöður þeirrar vinnu voru birtar í skýrslu sem kom út árið 2000 og ber heitið „Áhættugreining vegna hugsanlegs goss og hlaups niður Mýrdalssand“. Í skýrslunni er gerð grein fyrir núverandi aðstæðum á áhrifasvæði Kötlugosa. Fjallað er um vana sem steðjar að svæðinu vegna yfirvofandi Kötlugoss og að endingu er metið hvaða áhrif slíkt gos getur haft á svæðið í heild sinni.
- Skýrslan Jarðvegsrof á Íslandi kom út árið 1997 og var unnin af sérfræðingum á Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins. Í þeirri skýrslu er Ísland kortlag með tilliti til jarðvegsrofs og má þar m.a. finna umfjöllun um fyrirhugað framkvæmdasvæði á Mýrdalssandi.

### 4.2 Fyrirhugaðar athuganir á svæðinu

Í tengslum við matsvinnuna munu eftirfarandi athuganir fara fram:

- Gróðurathugun. Gerð verður grein fyrir gróðurfari á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og áhrif fyrirhugaðs vikurnáms á gróður metin. Lögð verður áhersla á að greina þær tegundir gróðurs sem vaxa á framkvæmdasvæðinu, athuga útbreiðslu gróðurs með því að meta magn gróðurþekju sjónrænt innan mismunandi svæða. Í úrvinnslu ofangreindra gagna verða upplýsingar um magn gróðurþekju á mismunandi svæðum settar inn á loftmynd af svæðinu, auk þess sem svæði sem skera sig úr að einhverju leyti verða merkt sérstaklega inn á myndina. Einnig verður gerð gróðurgreining, byggð á flokkunarlykli hefðbundinna gróðurkorta (Steindór Steindórsson, 1981), þar sem gróður er flokkaður eftir ríkjandi tegundum.
- Úttekt á samfélagslegum áhrifum. Unnin verður greinargerð á áhrifum námuvinnslu og verksmiðjureksturs á samfélagslega þætti á svæðinu. Fjallað verður um grunngerð samfélagsins, skóla, þjónustu, afþreyingu og menningu. Opinberri þjónustu sem og þjónustu á vegum einkaaðila verður gerð skil. Fjallað verður um þau hugsanlegu áhrif sem frekari uppbygging atvinnulífs á svæðinu getur haft á hina ýmsu þætti samfélagsins. Haft verður samráð við ýmsa fagaðila eins og Bygðastofnun og Þróunarsjóð Suðurlands, auk þess sem leitað verður til sveitarfélaga á svæðinu.
- Unnin verður greinargerð um jarðfræði svæðisins og mun hún byggja á fyrirliggjandi heimildum. Greinargerðin mun taka fyrir grunnástand jarðfræði á svæðinu og meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá þætti. Einnig verður ítarleg umfjöllun um náttúruvá á svæðinu og hvaða þáttum þarf að huga sérstaklega að í tengslum við fyrirhugað vikurnám.

## 5 KYNNING OG SAMRÁÐ

### 5.1 Tillaga að matsáætlun

Við undirbúning tillögugerðar var haft samráð við Skipulagsstofnun varðandi matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin staðfesti matsskyldu námutöku á Mýrdalssandi en vísaði fyrirspurn um matsskyldu fyrirhugaðrar verksmiðju í Vík í Mýrdal til Hollustuverndar ríkisins. Á fundi með Hollustuvernd ríkisins kom fram að verkmiðjan sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum en er þó starfsleyfisskyld.

Eftirfarandi aðilum voru send drög að tillögu að matsáætlun og þeir beðnir um að koma fram með ábendingar og athugasemdir og stuðla þannig að því að umfjöllun um alla mikilvæga þætti er varða þessa framkvæmd komi fram í matsskýrslu:

- Skipulagsstofnun
- Náttúruvernd ríkisins
- Hollustuvernd ríkisins
- Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu
- Mýrdalshreppi
- Skaftárhreppi
- Landgræðslu ríkisins
- Vegagerðinni

Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem bárust að því marki sem mögulegt er í þessari tillögu að matsáætlun og er vísað í viðeigandi umsagnir á hverjum stað fyrir sig.

Almenningi gafst kostur á að kynna sér efni tillögunnar á veraldarvefnum á heimasíðu Hönnunar hf., [www.honnun.is](http://www.honnun.is). Engin athugasemd barst á þeim rúmu tveimur vikum sem gefnar voru í athugasemdafrest.

Haft var samband við Almannavarnir ríkisins símleiðis og þeim gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum ásamt því sem drögin voru send til þeirra. Þeir áframsendu drögin til almannavarnanefndar í Vík en sú nefnd hafði ekki komið saman og hafði ekki athugasemd á þessu stigi málsins.

Um miðjan nóvember var farin vettvangsferð á svæðið með aðilum frá Skipulagsstofnun og Náttúruvernd ríkisins.

### 5.2 Matsskýrsla

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum verður unnin út frá þeim línnum sem lagðar eru í tillögu að matsáætlun. Haft verður áfram samráð við umsagnar- og hagsmunaraðila eftir því sem þörf er á. Fyrirhugað er að kynna

niðurstöður matskýrslu fyrir íbúum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði áður en umsagnar- og athugasemdafrestur hefst.